

**TILSKIPUN RÁÐSINS****frá 12. október 1971****um samræmingu laga aðildarríkjanna um að ákvarða hektólítraþyngd kornvöru****(71/347/EBE)**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Mælitæki og aðferðir sem notaðar eru í aðildarríkjunum til að mæla staðlaðan massa á rúmmálseiningu af kornvöru eru mismunandi og hafa bein áhrif á starfsemi hins sameiginlega markaðar. Samræming laga á þessu sviði mun ekki einungis auðvelda viðskipti með kornvöru heldur einnig mælitæki.

Rétt er því að skilgreina auðkenni fyrir korn sem skal heita „EBE-staðlaður massi á rúmmálseiningu“ og mæla fyrir um tæknilegar kröfur fyrir stöðluð mælitæki sem notuð eru til að ákvarða þetta viðmiðunargildi.

Ef nákvæmni mælitækis er skilgreind með hliðsjón af grunnmælitækjum og tækið hefur farið í gegnum eftirlit og prófun, eins og kveðið er á um í tilskipun ráðsins frá 26. júlí 1971 <sup>(3)</sup> um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi sameiginleg ákvæði um mælitæki og aðferðir við mæli-fræðilegt eftirlit, er það næg trygging til að réttlæta löggilda

notkun þeirra í öllum aðildarríkjunum. Hægt yrði síðan að setja þessi mælitæki á markað hvar sem vera skal í bandalaginu.

Nauðsynlegt er, með tilliti til viðskipta milli aðildarríkjanna, að banna mælingar á stöðluðum massa á rúmmálseiningu af kornvöru eftir hinum ýmsu innlendu ákvæðum og venjum sem nú eru ríkjandi í bandalaginu. Ef skylt er að nota einungis EBE-staðlaðan massa á rúmmálseiningu í öllum aðildarríkjum mun það koma í veg fyrir ágreining innan bandalagsins um þessa aðferð við mælingar.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

Þessi tilskipun fjallar um:

- a) skilgreiningu á auðkenni fyrir korn sem heitir „EBE-staðlaður massi á rúmmálseiningu“ („masse à l'hectolitre CEE“, „EEG natuurgewicht“, „EWG-Schüttdichte“, „peso ettolitrico CEE“);
- b) kröfur um smíði og notkun grunnviðmiðunartækja sem notuð eru til að ákvarða EBE-staðlaðan massa á rúmmálseiningu;
- c) skilyrðin sem tækin sem notuð eru til að mæla EBE-staðlaðan massa á rúmmálseiningu þurfa að uppfylla.

*2. gr.*

1. EBE-staðlaður massi á rúmmálseiningu er hlutfallið á milli massa sem sýndur er í kílógrömmum og rúmmáls sem sýnt er í hektólítrum eins og það er ákvarðað fyrir sérhverja

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. C 63, 28. 5. 1969, bls. 27.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 4, 14. 1. 1969, bls. 4.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 202, 6. 9. 1971, bls. 1.

tegund kornvöru með mælingu með tæki og eftir aðferðum sem eru í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar.

2. Viðmiðunargildið er EBE-staðlaður massi á rúmmálseiningu eins og hann er ákvarðaður af mælingu með innlendu grunnmælitæki, eða grunnmælitæki frá bandalaginu, sem er smíðað og notað í samræmi við I. og II. kafla í I. viðauka.

3. EBE-staðlaður massi á rúmmálseiningu er sýndur í kílógrömmum á hvern hektólítra með tveimur aukastöfum.

3. gr.

1. Grunnmælitæki bandalagsins skal vera í vörslu Mælifræðistofu Sambandslýðveldisins Þýskalands. Innlend grunnmælitæki skulu, í samræmi við I. viðauka, borin saman við grunnmælitæki bandalagsins og stillt eftir þörfum með aðstoð færanlegra grunnmælitækja af sömu gerð á tíu ára fresti hið minnsta.

2. Færanlegt grunnmælitæki er tæki sem ekki hefur vog en hefur að öðru leyti algerlega sömu eiginleika og innlend grunnmælitæki og grunnmælitæki bandalagsins.

4. gr.

1. Einungis er heimilt að nota heitið „EBE-staðlaður massi á rúmmálseiningu“ í viðskiptum til að tilgreina eiginleika kornvöru sem búið er að mæla með tækjum sem eru í samræmi við kröfur þessarar tilskipunar.

2. Í viðskiptum með kornvöru á milli aðildarríkja skal einungis nota EBE-staðlaðan massa á rúmmálseiningu, sem skilgreindur er hér að framan, til að tilgreina þann massa á rúmmálseiningu sem einkennandi er.

5. gr.

Mælitækin sem notuð eru í viðskiptum til að ákvarða EBE-staðlaðan massa fyrir massa á rúmmálseiningu kornvöru skulu uppfylla kröfur sem fram koma í II. viðauka.

Þau verða að fá EBE-mynsturviðurkenningu og EBE-frumsannprófun.

Þau skulu smíðuð og notuð í samræmi við skilyrði sem tilgreind eru í vottorði um EBE-mynsturviðurkenningu.

Á þeim skulu vera EBE-merki og -tákn.

6. gr.

Aðildarríkjum er óheimilt að hindra, banna eða takmarka að mælitæki, sem notuð eru til að ákvarða EBE-staðlaðan massa á rúmmálseiningu séu tekin í notkun eða sett á markað, ef á tækjunum eru tákn um EBE-mynsturviðurkenningu eða merki um EBE-frumsannprófun.

7. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari innan átján mánaða frá birtingu hennar og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að framkvæmdastjórninni berist helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

8. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 12. október 1971.

*Fyrir hönd ráðsins,*

L. VIGLIANESI

*forseti.*

## I. VIDAUKI

**GRUNNMÆLITÆKI SEM NOTUÐ ERU TIL AÐ MÆLA EBE-STADLAÐAN  
MASSA Á RÚMMÁLSEININGU KORNVÖRU****I. KRÖFUR UM SMÍÐI**

1. Í grunnmælitækjum er rúmtaksmælir, áfyllingarbúnaður, sköfunarbúnaður, vigtunarbúnaður og geymir.

Allir hlutar tækisins skulu vera traustir og vandlega smíðaðir; allir fletir sem koma í snertingu við kornvöruna skulu vera sléttir og gerðir úr traustu efni, til dæmis látúni eða ryðfrú stáli, sem sé nægilega þykkt til að halda lögun sinni við eðlilega notkun.

**2. Rúmtaksmál**

- 2.1. Rúmtaksmálið skal vera uppréttur, hringlaga hólkur; á efri brún þess skal vera láréttur flötur sem er hornréttur miðað við áslínu hólksins.
- 2.2. Meðan á áfyllingu stendur skal rúmtaksmál alltaf vera í sömu stöðu undir áfyllingarbúnaði.
- 2.3. Nú er rúmtaksmál í stöðu til áfyllingar og skal þá vera fastur áfyllingarhringur fyrir ofan það sem liggur eftir sömu áslínu og hefur sama innra þvermál og rúmtaksmálið. Sköfunarblaðið hreyfist á mjóu bili á milli þeirra.

**3. Áfyllingarbúnaður**

- 3.1. Til áfyllingarbúnaðar telst áfyllingartrog sem hefur lokunarbúnað og stillibúnað.
- 3.2. Áfyllingartrogið er keilustúfur sem á er festur hólkur að ofan og keilulaga losunarstútur að neðan með lokunarbúnaði.
- 3.3. Áfyllingartrog skal fest þannig að í áfyllingarstöðu sé áslína þess lóðrétt og falli saman við áslínu rúmtaksmáls.
- 3.4. Lögun stillibúnaðar er nákvæmlega tilgreind. Hann liggur niður í losunarstútinum og staða hans er stillanleg á lóðréttu vísu. Áslína hans fellur saman við áslínu áfyllingartrogsins.

**4. Sköfunarbúnaður**

- 4.1. Til sköfunarbúnaðar telst sköfunarblað, stýring og togbúnaður.
- 4.2. Sköfunarblað er flatt, lárétt og heldur lögun sinni meðan á notkun stendur.
- 4.3. Stýring stýrir sköfunarblaði þannig að það hreyfist á milli neðri brúnar áfyllingarhrings og efri brúnar rúmtaksmáls.
- 4.4. Togbúnaðurinn veldur samfelldri hreyfingu sköfunarblaðsins í gegnum kornið.
- 4.5. Eftir að rúmtaksmál hefur verið fyllt og innihald þess vegið fer umframkorn á sköfunarblaði í áfyllingarhring í geymi.

**5. Vigtunarbúnaður**

- 5.1. Rúmtaksmál er vigtað á jafnarma vog með 50 kg hámarksþyngd þegar það hefur verið fyllt með korni.
- 5.2. Massi vogarpalls skal vera jafn massa rúmtaksmáls sem er tóm.

**6. Samsetning**

- 6.1. Hinir ýmsu hlutar tækisins, að undanskildu rúmtaksmáli og vog, skulu festir á grind þannig að efri brún rúmtaksmáls sé lárétt þegar það er í áfyllingarstöðu.

- 6.2. Á grind tækisins skal vera lóðlína sem sýni lárétta stöðu, 500 mm löng hið minnsta, eða hallamál. Línan eða hallamálið skal vera á milli viðmiðunarkerkja þegar efri brún rúmtaksmáls er lárétt í áfyllingarstöðu.

## 7. Stærð einstakra íhluta

### *Rúmtaksmál*

Innra þvermál	295 mm ± 1 mm
Rúmtak	20 L ± 0,01 L
Fjarlægð milli innri hliðar botns á mæli og neðstu brúnar losunarstúts áfyllingartrogs	500 mm ± 2 mm
Fjarlægð milli sköfunarblaðs og brúnar rúmtaksmáls	0,5 mm ± 0,2 mm

### *Áfyllingarhringur*

Innra þvermál	295 mm ± 1 mm
---------------	---------------

### *Áfyllingartrog*

Lengd áslínu við efri hluta hólks	120 mm ± 2 mm
Lengd áslínu við keilustúf	240 mm ± 1 mm
Lengd áslínu við losunarstút	80 mm ± 0,5 mm
Heildarlengd áslínu trogsins	440 mm ± 3 mm
Innra þvermál efri hluta hólks	390 mm ± 1 mm
Innra þvermál losunarstúts	
efst (g')	84,5 mm ± 0,5 mm
neðst (g'')	86,5 mm ± 0,5 mm
Mismunur (g'' - g')	2 mm ± 0,5 mm

### *Stillibúnaður*

Þvermál stangar	11 mm ± 0,2 mm
Radíus hálsins	16 mm ± 0,5 mm
Hæð hólklaga hlutans	5 mm ± 0,5 mm
Þvermál hólklaga hlutans	33 mm ± 0,2 mm

### *Sköfunarbúnaður*

Massi lóða í togbúnaði	5 kg ± 0,1 kg
------------------------	---------------

### *Geymir*

Rúmtak upp að brún	24 L ± 0,1 L
--------------------	--------------

## 8. Mynd

Grunntækið er sýnt á meðfylgjandi skýringarmynd.

## II. LEIÐBEININGAR UM NOTKUN

Kornvara sem á að mæla skal vera laus við óhreinindi og vera því sem næst jafnheit og loftið sem um hana leikur. Hún skal vera loftþurrkuð, þ.e.a.s. hafa svipaðan raka og loftið í kring. Í þessu augnamiði skal korninu dreift í þunnt lag og látið vera óhreyft í um tíu klukkustundir áður en það er flutt. Hlutfallslegur raki loftis sem umlykur kornið skal vera 60% hið mesta.

Staðlaður massi á rúmmálseiningu af kornvöru veltur á magni kornvörunnar sem notuð er og á hvern hátt hún er sett í áfyllingartrog. Af þessum sökum skal eftirfarandi verklag viðhaft:

Setja skal rúmtaksmál (1; sjá meðfylgjandi mynd) í áfyllingarstöðu þannig að áslína þess falli saman við áslínu áfyllingarhrings (2) og áslínu áfyllingartrogs (3) og taka síðan í handfang (15) þannig að rúmtaksmál læsist í þessari stöðu með læsistöng (16). Síðan skal færa sköfunarblað (9) í upphafsstöðu og læsa því í þeirri stöðu með handfangi (12). Notið stillifætur (19) til að stilla grind (20) þannig að efri brún rúmtaksmáls (1) sé í láréttri stöðu meðan fyllt er á.

Nú eru 24 lítrar af korni settir í geyminn (sem ekki er sýndur á myndinni) og hellt í áfyllingartrogið (3) eftir að búið er að ganga úr skugga um að lokunarbúnaður (4) losunarstúts (8) sé í lokaðri stöðu. Þá skal togað í bolta (5) til að opna lokunarbúnað (4) (en hann helst opinn með festingu (6)) og kornið látið renna í rúmtaksmál (1) sem stendur á vagni (14). Þetta rennsli er varið gegn áhrifum utan frá með kraga (2a). Stoð (14a) kemur í veg fyrir að teinarnir sem vagn (14) fer eftir aflagist.

Umframkorn (um það bil 4 lítrar) sem sett hefur verið í áfyllingartrog (3) til að tryggja jafna fyllingu í rúmtaksmáli (1) er geymt í áfyllingarhring (2) eftir að búið er að fylla málið. Til að skilja umframkornið frá innihaldi rúmtaksmáls (1) skal taka í bolta (12) sem snýst á pinna sem festur er á þverbita (11) til að renna inn sköfunarblaði (9). Fremri brún sköfunarblaðs (9) sem knúid er af toglóði (13) er nægilega beitt til að fjarlægja allt korn á brún rúmtaksmáls (1) sem hindrað gæti rétta sköfun. Þegar sköfunarblað (9) er komið í lokastöðu skal nota handfang (15) til að draga rúmtaksmál (1) sem stendur á vagni (14) undan, taka málið af vagninum, setja það á vogina og vigta innihald þess upp á  $\pm 5$  g.

Nú skal ýta sköfunarblaði (9) aftur í upphafsstöðu þannig að umframkorn sem liggur á blaðinu falli niður í geymi (17); allt korn sem fellur utan við fer í hlíf (18) og þaðan í geyminn. Þegar búið er að losa festingu (6) með því að snúa handhjól (4a) skal loka lokunarbúnaði (4).

Ef mæla þarf sama sýnið aftur skal blanda korni úr rúmtaksmáli rækilega saman við kornið úr geyminum.

Til að reikna út staðlaðan massa á rúmmálseiningu í kg/hl skal deila í gildið N sem kemur fram á vigtunar-búnaði með 0,2 hl.

### III. EFTIRLIT OG STILLING

#### 1. Stærðir og rúmtak

Nota skal hæfilega nákvæm tæki til að ganga úr skugga um að stærðir og rúmtak sem gefið er upp í 7. lið í I. hluta séu réttar.

#### 2. Prófun á starfsemi

Innlenda grunnmæla skal prófa með samanburði við grunnmæli bandalagsins og stilla ef með þarf með aðstoð færanlegs grunnmælis.

- 2.1. Í þessari prófun skal nota hreint Manitoba-hveiti en korn þess eru því sem næst kúlulaga. Hveitið skal hafa staðlaðan massa á rúmmálseiningu sem er 80 kg/hl hið minnsta og skal vera því sem næst jafnheitt og loftið sem um það leikur. Sex mælingar skulu framkvæmdar í samræmi við leiðbeiningarnar í II. hluta. Ef P táknar grunntækið sem prófa á og N táknar EBE-grunntækið skulu mælingar gerðar á eftirfarandi hátt:

Samanburður nr.	1	2	3	4	5	6
Röð tækja	NP	PN	NP	PN	NP	PN

2.1.1. Munur á milli einstakra gilda fyrir P og meðaltals þeirra má ekki vera meiri en  $\pm 10$  g.

2.1.2. Frávik tækisins er munurinn á milli meðaltals sex álestra úr mælingum á P og meðaltals sex álestra úr mælingum á N. Heimilað hámarksfrávik er  $\pm 10$  g.

2.1.3. Nú eru frávik meiri en heimiluð hámarksfrávik sem tilgreind eru í liðum 2.1.1 og 2.1.2 og kann það að stafa af því að kornið er ekki nægilega einsleitt; skal þá dreifa því og

láta það liggja í aðrar tíu klukkustundir á mælistað en síðan skal endurtekin prófunin sem lýst er í lið 2.1.

2.1.4. Ef einungis er farið fram úr heimiluðu hámarksfráviki sem tilgreint er í lið 2.1.2 ber að stilla tækið.

Álestrum af tækinu má breyta með því að færa stillibúnað (7) í hærri eða lægri stöðu.

Færa skal stillibúnað (7) og endurtaka prófunina sem lýst er í lið 2.1.

### 3. Vigtunarbúnaður

3.1. Fyrir hleðslu sem er á milli 10 og 20 kg skal frávik jafnvægisarms ekki vera meira en  $\pm 0,01\%$  af hleðslunni.

3.2. Summa frávika lóðanna sem eru notuð skal ekki vera meiri en  $\pm 0,02\%$  af nafnþyngd þeirra.

### Skýringar við meðfylgjandi mynd

- |                                  |                                  |
|----------------------------------|----------------------------------|
| 1. Rúmtaksmál                    | 11. Þverbíti og stoð 11a         |
| 2. Áfyllingarhringur og kragi 2a | 12. Bolti fyrir sköfunarblað     |
| 3. Áfyllingartrog                | 13. Toglóð                       |
| 4. Lokunarbúnaður og handhjól 4a | 14. Vagn og stoð fyrir teina 14a |
| 5. Bolti fyrir lokunarbúnað      | 15. Handfang fyrir vagn          |
| 6. Festing fyrir lokunarbúnað    | 16. Læsisstöng                   |
| 7. Stillibúnaður                 | 17. Geymir                       |
| 8. Losunarstútur                 | 18. Hlíf                         |
| 9. Sköfunarblað                  | 19. Stillifætur                  |
| 10. Stýring sköfunarblaðs        | 20. Grind                        |



*II. VIÐAUKI***MÆLITÆKI SEM NOTUÐ ERU TIL AÐ ÁKVARÐA EBE-STADLAÐAN  
MASSA Á RÚMMÁLSEININGU AF KORNVÖRU**

1. Mælitækin sem notuð eru til að ákvarða EBE-staðlaðan massa á rúmmálseiningu af kornvöru skulu hafa eftirfarandi eiginleika:
    - a) þau skulu hönnuð og framleidd með það fyrir augum að tryggja að auðvelt sé að endurtaka mælingar og að þau hafi nægilegt endurtekningargildi;
    - b) heimilað hámarksfrávik staðlaðs massa á rúmmálseiningu af kornvöru skal vera  $\pm$  fimm þúsundustu af niðurstöðum grunntækis;
    - c) heimilað hlutfallslegt hámarksfrávik fyrir rúmtak geymisins skal vera  $\pm$  tveir þúsundustu;
    - d) heimilað hlutfallslegt hámarksfrávik vigtunarbúnaðar skal vera  $\pm$  einn þúsundasti af því magni sem er vigtað;
    - e) mismunur á milli hvernar niðurstöðu sem fæst fyrir tiltekna korntegund og meðaltals af stöðluðum massa á rúmmálseiningu af kornvöru, eins og hann er ákvarðaður með sex samfelldum mælingum, skal ekki vera meiri en  $\pm$  þrjár þúsundustu af slíku meðaltali.
  2. Á hverju tæki skal vera auðsjáanleg áletranaplata þar sem eftirfarandi upplýsingar koma fram með skýrum og óafmáanlegum stöfum:
    - a) merki um EBE-mynsturviðurkenningu;
    - b) auðkenni eða nafn framleiðanda;
    - c) lýsing framleiðanda, eftir því sem við á;
    - d) auðkennisnúmer og framleiðsluár;
    - e) nafnrúmtak rúmtaksmáls og annaðhvort leiðbeiningar um notkun eða tilvísun í slíkar leiðbeiningar.
-